



Ágúst Sigurðsson,
sveitarstjóri,
Rangárþingi ytra

Reykjavík, 12. júlí 2021

Varðar: Ósk um samþykki framsali afnotaréttar Neyðarlínunnar að lóð á Laufafelli til Öryggisfjarskipta ehf.

Sæll Ágúst.

Ég ritaði þér tölvupóst 12. júlí sl. þar sem ég sendi þér samning um leiguafnot af lóð á Laufafelli fyrir fjarskiptastöð Neyðarlínunnar. Ég rek þar jafnframt að Neyðarlínan sé í því feli að færa eignarhald á öllum fjarskiptastöðum yfir til systurfélagsins Öryggisfjarskipta sem ríkissjóður á að 75% og Neyðarlínan að 25%. Ég óskaði eftir samþykki þínu við því að ég mætti senda þér afsal vegna þessa til áritunar um samþykki af hálfu landeiganda, sem áskilið er í samningum. – Svo sá ég að þú ert í fríi fram til 19. og ákvað að láta á það reyna að senda þér samninginn með ósk um áritun um samþykki fyrir framsali afnotaréttarins sem í afsalinu felst og beiðni um að þú sendir mér skjalið aftur um hæl með samþykkinu.

Með fyrir fram þökk,

F.h. Neyðarlínunnar ohf.


Þórarinn V. Þórarinnsson, hhl

AFSAL

Afsalsgjafi

Neyðarlínan ohf. kt. 511095-2559, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

Afsalshafi

Öryggisfjarskipti ehf. kt. 641106-1430, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

Dagsetning afsals	Afhendingardagur	Dagsetn. veðbókarvottorðs	Eignarhluti	Tilgreining	Fastanúmer eignar
20.04.2021	31.12.2018	12.4.2021	100%	01 0101	F 234 8021 L 221 384

Lýsing eignar:

Um er að ræða 6,3 m² fjarskiptahús, mastur og aðstöða því tengd ásamt réttindum til 200m² leigulóðar við **Laufafell** L222914 á Ragnárvallaafretti, skv. leigusamningi við Rangaráþing ytra dags. 1. apríl 2015, skjal nr. A 1943, sem samþykktur var af forsætisráðherra með vísan til heimilda í 3. og 4. mgr. laga nr. 58/1998.

Kvaðir:

Engar sérgreindar kvaðir eru á eigninni.

Veðbönd:

Eignin er seld án allra veðbanda og kvaðalaus umfram það sem að ofan greinir.

Kaupverð:


Kaupverð eignarinnar, kr. þrjár og hálf milljón er að fullu greitt.

Kaupandi hirðir arð eignanna frá afhendingardegi og greiða jafnframt af þeim skatta og skyldur frá samátíma. Uppgjör vegna opinberra gjalda og gjalda sem tilheyra eigninni, s.s. fasteignagjalda telst hafa farið fram við ákvörðun kaupverðs eignarinnar og greiðslu þess. Veðbókavottorð vegna eignarinnar liggur frammi við undirritun sölusamnings. Kaupandi hefur kynnt sér það og hefur ekkert við það að athuga. Kaupandi greiðir öll gjöld sem leiða af eigendaskiptum þessum, þ.m.t. stimpil- og þinglýsingargjald af afsali þessu.


Samkvæmt því lýsir afsalsgjafi afsalshafa réttan og löglegan eiganda að ofangreindri fasteign.

Til staðfestu afsali þessu rita aðilar nöfn sín í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík 20. apríl 2021




P. h. Neyðarlínunnar ohf.

e. v. l.


E. h. Öryggisfjarskipta ehf.

Ofangreint framsal afnotasréttar samþykkt af hálfu leigusala

Vottar að rétri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:

Nafn 	Kennitala 2506596289	Heimili Seyðubástr. 50A, RVK
Nafn 	Kennitala 300472-4819	Heimili Stólagarst. 48 200 RP

Skjal þetta er samið af Þóruni V. Þórarinssyni, hrl. kt. 250654-2869